2. 10. gr. 2. mgr. (b)-lið og 3. mgr. síðari málslið, að því er tekur til aðgreiningar ungra fanga frá öðrum. Það er regla íslenskra laga að höfuðstefnu til að beita skuli slíkri aðgreiningu en ekki þykir rétt að binda það með svo fyrirvaralausum hætti sem í ákvæðum samningsins segir.

3. 13. gr., að því leyti að hún samsvarar ekki gildandi íslenskum lagaákvæðum um rétt útlendings til að koma að andmælum vegna ákvörðunar um brottvísun hans.

4. 14. gr. 7. mgr., um endurupptöku á máli sem áður hefur verið dæmt. Íslensk réttarfarslög hafa ítarleg ákvæði um þetta efni sem ekki þykir við hæfi að breyta.

5. 20. gr. 1. mgr., með skírskotun til þess að lögbann við stríðsáróðri gæti skert tjáningarfrelsi. Þessi fyrirvari er í samræmi við afstöðu Íslands á 16. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

2. Article 10, paragraph 2(b), and paragraph 3, second sentence, with respect to the separation of juvenile prisoners from adults. Icelandic law in principle provides for such separation but it is not considered appropriate to accept an obligation in the absolute form called for in the provisions of the Covenant.

3. Article 13, to the extent that it is inconsistent with the Icelandic legal provisions in force relating to the right of aliens to object to a decision on their expulsion.

4. Article 14, paragraph 7, with respect to the resumption of cases which have already been tried. The Icelandic law of procedure has detailed provisions on this matter which it is not considered appropriate to revise.

5. Article 20, paragraph 1, with reference to the fact that a prohibition against propaganda for war could limit the freedom of expression. This reservation is consistent with the position of Iceland at the General Assembly at its 16th session.

Nr. 11. 19. september 1979.

AUGLÝSING

um samkomulag við Tékkóslóvakíu um menningar- og vísindasamstarf.

Með erindum dags. 17. september 1979 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Tékkóslóvakíu um menningar- og vísindasamstarf.

Erindaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. september 1979.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

a. Orðsending til utanríkisráðherra frá utanríkisráðherra Tékkóslóvakíu.

Reykjavík, 17. september 1979

Herra utanríkisráðherra
Íslands.

Herra ráðherra,

Ég leyfi mér að tilkynna yður að ríkisstjórn Tékkneska alþýðulýðveldisins, er óskar þess að styrkja vinsamleg tengsl milli Tékkneska alþýðulýðveldisins og lýðveldisins Íslands í samræmi við ákvæði lokasamþykktar ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, telur við hæfi að leggja til að ríkisstjórnir landanna tveggja stuðli að þróun menningar- og vísindasamvinnu milli landanna.

Ríkisstjórn Tékkneska alþýðulýðveldisins er þeirrar skoðunar að þessu marki verði náð með því að:

— stuðla að bættri samvinnu og skiptum milli landanna á sviði vísinda, menntunar, fræðslu, leiklistar, kvikmynda, fjölmiðla, bókmennta, mynd- og tónlistar, safna og varðveislu menningarminja, með því að greiða fyrir ferðum sendinefnda og einstaklinga sem starfa að menningarmálum, vísindamanna, kennara, námsmanna og sérfræðinga, svo og ferðum listflytjenda, hópa og einstaklinga, og fyrir listsýningum, og með því að hvetja til gagnkvæmra þýðinga og útgáfu á ritum um listir, vísindi og tækni.

— hvetja til samvinnu milli stofnana sem óháðar eru ríkinu með því að greiða fyrir starfsemi sem miðar að takmarki samkomulags þessa og eykur kynni af menningar- og félagslífi landanna tveggja.

— greiða fyrir skiptum milli landanna á sviði íþrótta og ferðamála.

Semja skal fyrirfram hverju sinni opinbera boðleið eða milli hlutaðeigandi stofnana um

a. Note to the Minister for Foreign Affairs from the Minister for Foreign Affairs of Czechoslovakia

Reykjavik, September 17, 1979

His Excellency
the Minister for Foreign Affairs
of the Republic of Iceland

Your Excellency,

I have the honour to inform Your Excellency that the Government of the Czechoslovak Socialist Republic, guided by the desire to promote the friendly relations between the Czechoslovak Socialist Republic and the Republic of Iceland in accordance with the provisions of the Final Act of the Conference on Security and Co-operation in Europe, considers it appropriate to propose that the Governments of the two countries promote the development of cultural and scientific co-operation between both countries.

The Government of the Czechoslovak Socialist Republic is of the view that this aim can be achieved through:

— promoting the development of co-operation and exchanges in the fields of science, education, enlightenment, theatre, cinema, mass media, literature, fine arts and music, museums and preservation of cultural monuments by facilitating the sending of delegations and individuals engaged in cultural activities, scientists, educationalists, students and specialists, by facilitating tours of artistic ensembles and individuals and exhibitions and by encouraging translations and publications of artistic, scientific and technological literature of the other country;
— encouragement of co-operation of non-governmental organizations in facilitating activities serving the aims of the present agreement and improving the acquaintance of the cultural and social life of the two countries;
— facilitating exchanges between the two countries in the fields of sport and tourism.

Activities in the afore-mentioned fields of co-operation, including financial and organizational

starfsemi innan ofangreindra samstarfssviða, þ. á m. um fjárhags- og framkvæmdaratriði.

Ef ríkisstjórn lýðveldisins Íslands samþykkir ofangreint leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar þess efnis skuli gilda sem samkomulag milli ríkisstjórnanna tveggja og skal það öðlast gildi daginn sem svar yðar er dagsett og gilda þar til önnur hvor ríkisstjórnin segir því upp.

Ég votta yður, herra ráðherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Bohuslav Chňoupek
Utanríkisráðherra
Tékkneska alþýðulýðveldisins

conditions, shall in each case be agreed upon in advance through diplomatic channels or between the respective organizations.

Should the Government of the Republic of Iceland agree to the afore-mentioned, I have the honour to propose that this Note together with Your Excellency's reply to that effect shall constitute an arrangement between the two Governments which shall enter into force on the date of Your reply and remain in force until denounced by either Government.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Bohuslav Chňoupek
The Minister for Foreign Affairs
of the Czechoslovak Socialist
Republic

b. Svarorðsending utanríkisráðherra til utanríkisráðherra Tékkóslóvakíu.

Herra ráðherra,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar dags. í dag, sem hljóðar svo:

[*Sjá orðsendingu hér að framan*]

Ég leyfi mér að tilkynna yður, herra ráðherra, að ríkisstjórn lýðveldisins Íslands samþykkir ofangreint og samþykkir samkvæmt því að orðsending yðar ásamt svari þessu skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórnanna tveggja sem öðlist gildi í dag og gildir þar til önnur hvor ríkisstjórnin segir því upp.

b. Reply from the Minister for Foreign Affairs to the Minister for Foreign Affairs of Czechoslovakia

Your Excellency,

I have the honour to acknowledge receipt of Your Excellency's Note of today's date which reads as follows:

[*See Note above*]

I have the honour to inform Your Excellency that the Government of the Republic of Iceland agrees to the afore-mentioned and accordingly agrees that Your Excellency's Note together with this reply constitute an arrangement between the two Governments which shall enter into force on today's date and remain in force until denounced by either Government.

Ég votta yður enn á ný, herra ráðherra, sérstaka virðingu mína.

Reykjavík, 17. september 1979

Benedikt Gröndal
Utanríkisráðherra Íslands.

Herra utanríkisráðherra
Tékkneska alþýðulýðveldisins
Bohuslav Chňoupek.

I avail myself of the opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Reykjavík, 17 September 1979.

Benedikt Gröndal
Minister for Foreign Affairs
of the Republic of Iceland

His Excellency
Mr. Bohuslav Chňoupek
Minister for Foreign Affairs
of the Czechoslovak Socialist Republic

14. október 1979. Nr. 12.

AUGLÝSING

um aðild að samningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað lækna.

Hinn 10. október 1979 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan norrænan vinnumarkað lækna, sem undirritaður var í Stokkhólmi hinn 18. júní 1965, eins og honum var breytt skv. samningi frá 19. ágúst 1976. Í 9. gr. samningsins er kveðið svo á að Ísland skuli geta gerst aðili að honum.

Samningurinn gekk í gildi fyrir Ísland hinn 10. október 1979 og er birtur ásamt samningnum um breytingu á honum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 14. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.